

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði Mosfellings

1. Markmið og hlutverk

Mosfellingur er sjálfstætt bæjarblað sem miðlar fréttum, greinum og upplýsingum um mannlíf, samfélag, menningu, íþróttir og atvinnulíf í Mosfellsbæ. Markmið blaðsins er að veita íbúum traustar, málefnalegar og aðgengilegar upplýsingar og stuðla að jákvæðri og upplýstri umræðu í samfélaginu.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og eru ætlaðar til að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna Mosfellings.

2. Ritstjórnarlegt sjálfstæði

Ritstjóri Mosfellings ber ábyrgð á ritstjórnarstefnu blaðsins og tekur sjálfstæðar ákvarðanir um efnisval, framsetningu fréttar og birtingu efnis.

Eigendur, auglýsendur, samstarfsaðilar eða aðrir utanaðkomandi aðilar skulu ekki hafa áhrif á ritstjórnarlegar ákvarðanir eða frétttaflutning blaðsins.

Greina skal skýrt á milli ritstjórnarefnis og auglýsinga eða kostaðs efnis. Kostað efni skal merkt sérstaklega þannig að lesendum sé ljóst að um auglýsingu eða kynningarefni sé að ræða.

3. Starfsskilyrði blaða- og fréttamanna

Starfsmenn og verktakar sem sinna fréttum eða fréttatengdu efni fyrir Mosfelling skulu njóta faglegs sjálfstæðis í störfum sínum og vinna samkvæmt siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Þeir skulu leitast við að:

- gæta sanngirni og hlutlægni í umfjöllun,
- staðreyna upplýsingar eftir bestu getu,
- virða friðhelgi einkalífs,
- forðast hagsmunaárekstra,
- og stuðla að vönduðum og ábyrgum frétttaflutningi.

Ritstjóri hefur endanlegt ákvörðunarvald um birtingu efnis.

4. Sjálfstæði gagnvart eigendum og auglýsendum

Eigendur Mosfellings skulu virða ritstjórnarlegt sjálfstæði ritstjóra og þeirra sem sinna fréttum og fréttatengdu efni.

Auglýsingasamningar, samstarf eða viðskiptahagsmunir skulu ekki hafa áhrif á frétttaflutning eða ritstjórnarlegar ákvarðanir.

Starfsfólki er óheimilt að taka við greiðslum, gjöfum eða öðrum fríðindum sem geta dregið óhlutdrægni þess í efa.

5. Áminningar og uppsagnir

Ákvarðanir um áminningar eða uppsagnir starfsmanna sem sinna fréttum eða ritstjórnarefni skulu byggjast á almennum reglum vinnuréttar og ráðningarsamninga.

Starfsmanni verður ekki veitt áminning eða sagt upp störfum vegna lögmætrar þátttöku í ritstjórnarlegri vinnu eða vegna þess að hann hefur unnið í samræmi við þessar reglur og siðareglur fjölmiðla.

6. Endurskoðun reglna

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega. Verði breytingar gerðar skulu uppfærðar reglur sendar Fjölmiðlanefnd og birtar á heimasíðu Mosfellings.

Samþykkt af stjórn/útgefanda Mosfellings þann 1. Maí, 2026.

